

Reglur um sérstakar húsaleigubætur á Akureyri

1. gr. Tilgangur

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar einstaklingum og fjölskyldum sem félagsleg aðstoð til að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og/eða annarra félagslegra erfiðleika.

Sérstakar húsaleigubætur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu á almennum markaði umfram almennar húsaleigubætur. Íbúð telst vera á almennum markaði sé hún ekki háð hámarksleigu eða öðrum opinberum stuðningi sbr. 1. mgr. 37. gr. 1. nr. 44/1998 um húsnæðismál, VI. kafla reglugerðar nr. 873/2001 um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, með síðari breytingum.

2. gr. Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild

Uppfylla þarf öll skilyrði almennra húsaleigubóta og reglur um leiguíbúðir Akureyrarbæjar en að auki þarf umsækjandi að hafa átt lögheimili í 12 mánuði á Akureyri.

3. gr. Undanþágur frá skilyrðum

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 2. gr. hafi undanþágu- og úthlutunarnefnd leiguíbúða veitt umsækjanda undanþágu frá reglum um leiguíbúðir Akureyrarbæjar.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Fjármálastjóri úrskurðar um undanþágur að fenginni umsögn húsnæðisdeildar.

4. gr. Fjárhæðir

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar á sama hátt og almennar húsaleigubætur en fjárhæðir og tekjumörk eru lægri, þannig að í grunnbætur eru greiddar 8.500 kr. og 10%, að hámarki 3.000 kr., fyrir bilið 35.000 kr. til 65.000 kr. í leigufjárhæð. Fyrir fyrsta barn undir 18 ára aldri eru greiddar 6.500 kr., fyrir annað barn undir 18 ára aldri eru greiddar 3.500 kr. og fyrir þriðja barn undir 18 ára aldri eru greiddar 2.500 kr. Sérstakar húsaleigubætur skerðast, óháð fjölskyldustærð um 1,35% af árstekjum umfram 2.250.000 króna. Almennar húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur samanlagt geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 70.000, kr. og aldrei farið yfir 60% af leigufjárhæð. Eignamörk eru þau sömu og gilda í úthlutunarreglum leiguíbúða Akureyrarbæjar 3.625.000 kr. miðað við janúar 2009 og taka breytingum á sama hátt. Ekki eru greiddar sérstakar húsaleigubætur vegna húsaleigu sem er 35.000 kr. eða lægri á mánuði

5. gr.
Upplýsingar um aðstæður

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta **skal gera grein fyrir öllum breytingum** sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á umsókn og mat á henni. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu á sérstökum húsaleigubótum hafi umsækjandi fengið þær ranglega greiddar.

6. gr.
Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 2. gr. eða hafa undanþágu frá undanþágu- og úthlutunarnefnd leiguíbúða, allt það tímabil sem leigusamningur gildir. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt.

7. gr.
Endurnýjun á umsókn

Endurnýja skal umsókn um sérstakar húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár, um leið og endurnýjun almennra húsaleigubóta á sér stað.

8. gr.
Endurupptaka máls

Hægt er að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun fjármálastjóra hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til félagsmálaráðs innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Meti félagsmálaráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi tekur úthlutunarnefnd leiguíbúða Akureyrarbæjar erindið til efnislegrar meðferðar.

9. gr.
Málsmeðferð

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna og annarra viðeigandi reglna. Telji umsækjandi á rétt sinn hallað hefur hann fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun fjármálastjóra. Félagsmálaráð skal fjalla um áfrýjun og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

**10. gr.
Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 2009.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 23. júní 2009 og 6. október 2009

Breyting samþykkt í bæjarráði þann 12. janúar 2012